

Minjaráð Austurlands
fundur 15. desember 2017
haldinn í Gunnarshúsi, Skriðuklaustri.

Mættir: Þuríður Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Þorvaldur P. Hjarðar, Elfa Hlín Pétursdóttir, Skúli Björn Gunnarsson. Forföll boðuðu Erla Dóra Vogler, Vala Garðarsdóttir og Marinó Stefánsson.

Dagskrá:

1. Verndarsvæði í byggð
2. Evrópska menningararfsárið 2018
3. Torfhús á Íslandi - átaksverkefni MÍ
4. Strandminjar Íslands - Guðmundur Stefán Sigurðsson verkefnisstjóri strandminja og minjavörður Norðurlands vestra
5. Önnur mál.

Þuríður setti fund kl. 13.30 og gengið var til dagskrár. Skúli Björn tók að sér að rita fundargerð.

1. Verndarsvæði í byggð

Þuríður sagði frá því að búið væri að samþykkja verndarsvæði á Djúpavogi. Í vinnslu eru þrjú önnur svæði á Austurlandi sem hafa fengið styrk úr Húsafriðunarsjóði til að vinna tillögu og greinargerð til ráðherra: Á Seyðisfirði miðbærinn gamli norðan við ána, á Fljótsdalshéraði er könnunarumsókn fyrir elsta hluta Egilsstaðabæjar, á Vopnafirði með gamla Tangaporpið.

2. Evrópska menningararfsárið 2018

Þuríður sagði frá því að Minjastofnun hefði verið falið að halda utan um þetta verkefni hér á landi. Send hafa verið út bréf til aðila í leit að viðburðum sem gætu tengst þessu ári. Þá mun MÍ standa fyrir grunnskólasamkeppni tengt menningarminjum. Hver skóli mun senda fimm verkefni inn í landskeppnina og verðlaunaverkefnið fer síðan út til Evrópu.

Tekin hefur verið ákvörðun um að strandminjarnar verði rauði þráðurinn í þessu menningararfsári á landvísu. Þetta fellur vel við þær hugmyndir Minjaráðs Austurlands frá því á síðasta fundi um að hafa samstarf við ferðafélögin um skipulagðar gönguferðir tengdar strandminjum. Fram kom þá einmitt hugmynd um að reyna að safna upplýsingum um strandminjarnar í þessum gönguferðum en einnig að nýta skálaverði eða landverði sem eru á sumum svæðum til upplýsingaöflunar. Guðmundur ætlar að skoða hvort að hægt sé að búa til einfaldar leiðbeiningar um þetta.

3. Torfhús á Íslandi - átaksverkefni MÍ

Þuríður sagði frá því að MÍ hefði ákveðið að fara í átaksverkefni um skráningu á torfhúsum um allt land, bæði bæjarhúsum og útihúsum frá síðustu öld. Markmiðið með þessu verkefni er að ná yfirsýn yfir ástand húsa til að hægt sé að bregðast við og viðhalda húsum áður en þau eru það illa farin að þau þarfnist endurbyggingar. Spurningalistar verða sendir út og leitað til sveitarfélaga, safna, stofnana, félagasamtaka og fleiri aðila um allt land um aðstoð.

4. Strandminjar Íslands

Guðmundur kynnti verkefni sem snýr að strandminjum á Íslandi og þær rannsóknir og skráningar sem unnar hafa verið á undanförunum árum. Einnig sagði hann stuttlega frá NPA-verkefnið Adapt Northern Heritage sem Minjastofnun er aðili að og snýst um loftslagsbreytingar og menningarminjar.

5. Önnur mál

a. CINE - verkefnið

Skúli Björn kynnti CINE-verkefnið sem Gunnarsstofnun leiðir hér á landi en Minjastofnun er með aukaaðild ásamt fleiri aðilum. Það verkefni nýtur einnig styrks úr NPA-áætlun Evrópusambandsins en snýst um að búa til verkfærakistu sem nýst getur til miðlunar á menningararfinum.

b. Fjárborgir

Þorvaldur spurði hvort til væru skrár yfir fjárborgir. Þuríður sagðist ekki vita til þess.

c. Næsti fundur

Stefnt á næsta fund í mars og ná síðan einum fundi í viðbót áður en 4ra ára skipunartími ráðsins rennur út.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.00.

Þuríður E. Harðardóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Þorvaldur P. Hjarðar

Elfa Hlín Pétursdóttir